

Veggjakrot

Verklagsreglur

Veggjakrot í undirgöngum

- ÞMH/Umhverfi og framkvæmdir sjá um að hafa hálfsmánaðarlegt eftirlit með öllum göngunum allt árið. Ástand þeirra er skráð í skjal sem er geymt inná sameiginlega drifinu.
 - S:\Umhverfis- og hönnunardeild\Veggjakrot í undirgöngum
- Öll göng eru með „engin þolinmæði“ stefnu gagnvart veggjakroti á vængina
 - Ef vart verður við veggjakrot verður það málað af ÞMH eða hreinsað af í samræmi við verklagsreglu hverra ganga fyrir sig.
 - Vinnuskólinn aðstoðar við ÞMH við málun/hreinsun á öllum göngum í bænum.
- Öll göng eru yfirfarin að innan á hverju sumri og þau málað og/eða hreinsað eftir þörfum.
 - Miðað er við að vinna fari fram á tímabilinu júní til ágúst.
- ÍTH tekur að sér 2 göng í fóstur. Þetta er göngin við N1 Lækjargötu og við Suðurbæjarlaug. Merkt sem númer 4 og 7 korti.
 - ÍTH stýrir tómsundarverkefnum í veggjakroti. Sótt er um heimild til veggjakrots til ÍTH sem afgreiðir umsóknina.
 - ÍTH er aðeins heimilt að leyfa veggjakrot inni göngunum, en ekki á vængjunum.
 - Félagsmiðstöðvar munu hafa eftirlit með göngunum á veturna og vinnuskólinn á sumrin, allt í umsjá ÍTH.
 - Vinnuskólinn mun sinna hreinsun á þessum tveim göngum fyrir ÍTH á sumrin.
 - ÞMH mun aðstoða félagsmiðstöðvarnar á veturna varðandi hreinsun ef þarf.

Veggjakrot á stofnanir

- Umsjónarmenn fasteigna í umboði forstöðumanna stofnanna yfirfara húsnæði bæjarins 1 sinni í viku, það er þær stofnanir sem þeir bera ábyrgð á.
- Þegar veggjakrot finnst er það tilkynnt til forstöðumanns stofnunar.
- Forstöðumaður sér til þess að veggjakrot sé hreinsað um leið og tilkynning berst.
- Umsjónarmenn halda utan um allar tilkynningar um veggjakrot og meðferð þeirra í skjali sem er geymt inná sameiginlegu drifi.



HAFNARFJÖRÐUR

- Þær stofnanir, sem umsjónarmenn fasteigna hafa ekki eftirlitshlutverk með, ber forstöðumönnum stofnanna að halda utan um allar tilkynningar um veggjakrot og meðferð þeirra í skjali, sem ná má í á innri vef bæjarins.

Allt veggjakrot er tilkynnt til lögreglu sem skemmdarverk, bæði í undirgöngum og á stofnunum.

Vinnugögn

Verklagsreglur og kort af undirgöngum er vistað :

- S:\Umhverfis- og hönnunardeild\Veggjakrot í undirgöngum
 - Kort yfir staðsetningar undirganga
 - Listi yfir undirgöng og lýsing
 - Listi yfir tengiliði og ábyrgðamenn
 - ástandskráningarblöð

3. mars 2014/ID